

Bakkafjörður er lítið sjávarþorp í stórbrotnu umhverfi og fagurri náttúru. Kjörinn staður fyrir þá sem kjósa kyrrð og nábýli við hafið. Afþreying frá náttúrunnar hendi er mikil og stutt í hana. Innan við þorpið rennur Hafnará með nokkrum litlum fossum og hyljum, vinsælt er að vaða og synda þar.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með mjög spennandi framtíðarmöguleika. Samgöngur til og frá sveitarfélaginu eru góðar, m.a. flug alla virka daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

Í Langanesbyggð eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði. Í sveitarfélaginu er glæsileg íþróttamiðstöð með sundlaug, mikið og fjölbreytt félagslíf s.s. leikfélag, kirkjukór, öflugt íþróttafélag, björgunarsveit, kvenfélag o.m.fl. Í sveitarfélaginu búa ríflega 530 manns í fjölskylduvænu og friðsælu umhverfi.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

LAUSAR STÖÐUR HJÁ LANGANESBYGGÐ



Leikskólakennari við leikskóladeild Grunnskólans á Bakkafirði

Auglýst er eftir skapandi, fjölhæfum og jákvæðum einstakling til starfa við nýja leikskóladeild Grunnskólans á Bakkafirði, um er að ræða 100% starf. Grunnskólinn á Bakkafirði er fyrir nemendur í 1.-10. bekk, skólinn verður frá og með nóvember samrekinn heildstæður leik- og grunnskóli. Leitað er eftir hæfum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að móta og leiða farsælt leikskólastarf í nánu samstarfi við skólastjóra grunnskólans sem jafnfram er skólastjóri leikskóladeildar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólamenntun eða reynsla á sviði uppeldis og kennslu
- Barnæska, frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar
- Samstarfsvilji og hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfsmaður áhaldahúss á Bakkafirði

Áhaldahús á Bakkafirði er útstöð frá áhaldahúsi Langanesbyggðar á Þórshöfn. Starfið felur í sér um umhirðu og viðhald fasteigna sveitarfélagsins ásamt og að annast hafnarvörslu við Bakkafjarðarhöfn.

Starfsmaður áhaldahúss mun annast, í samstarfi við sveitarstjóra, viðhald og umsjón fasteigna sveitarfélagsins á Bakkafirði, umhirðu opinna svæða og hafa eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.

Í hafnarvörslu fellst ábyrgð á daglegum rekstri hafnar á Bakkafirði í samráði við hafnarstjóra, vigtun afla og eftirlit með legu og umferð báta.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnaðarmenntun eða reynsla af byggingarumsjón
- Löggilding vigtarmanna (ekki skilyrði)
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Samstarfsvilji og hæfni í mannlegum samskiptum

Viðkomandi starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með **15 nóvember 2014**.

Umsóknir skal senda í netfangið sveitarstjori@langanesbyggd.is

Nánari upplýsingar gefur Elías Pétursson sveitarstjóri



Vefsíða Grunnskóla Bakkafjarðar <http://bakkafjordur.wordpress.com/>

Langanesbyggð, Fjarðarvegi 3,
680 Þórshöfn - Sími: 468 1220 <http://www.langanesbyggd.is/>